

Sæl öll / Hello all [English below],

Í MH höldum við brunaæfingu á hverri haustönn til að æfa rétt viðbrögð við eldsvoða eða öðrum atvikum sem kalla á rýmingu skólans. Þið megið eiga von á brunaæfingu á næstu dögum.

Ef elds verður vart í skólanum virkjast rýmingaráætlun sem má finna á heimasíðu skólans hér: https://www.mh.is/static/files/Verklag/2026_rymingaraaetlun_h26.pdf

Athugið sérstaklega vel:

- 1) Brunakerfið mun fara tvisvar í gang. Í fyrra skiptið haldið þið kyrru fyrir þar sem þið eruð.
- 2) Þegar kerfið fer aftur í gang fer rýming af stað. Skiljið alla lausamuni eftir í stofunni.
- 3) Kennarar og annað starfsfólk mun stýra rýmingu og það er mikilvægt að þið farið eftir því sem þau segja. Útgönguleiðir eru merktar víðs vegar um skólann, meðal annars á innanverðum hurðum í öllum kennslustofum.
- 4) Þegar út úr húsinu er komið er mikilvægt að fara strax á söfnunarsvæðið við hjólaskýlið vestan við skólann. Ekki standa nálægt húsinu því það getur teppt útgöngu annarra.

Bestu kveðjur,

Guðmundur

/

At MH, we conduct a fire drill every autumn semester to practice the correct response to a fire or other incidents requiring evacuation of the school. You may expect a fire drill within the next few days.

If a fire is detected in the school, the evacuation plan will be activated. The evacuation plan can be found on the school website here:

https://www.mh.is/static/files/Verklag/2026_rymingaraaetlun_h26.pdf [In Icelandic]

Please note the following:

- 1) The fire alarm system will sound twice. The first time it sounds, remain where you are.
- 2) When the system sounds again, the evacuation will begin. Leave all personal belongings in the classrooms.
- 3) Teachers and other staff members will direct the evacuation, and it is important that you follow their instructions. Exit routes are marked throughout the school, including on the inside of the doors in all classrooms.

- 4) Once you have exited the building, it is important to proceed immediately to the assembly point by the bicycle shelter west of the school. Do not remain close to the building, as this may obstruct the evacuation of others.

Best regards,
Guðmundur